



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

3. tbl. 2003, - 13. árg.

Júní 2003

Þjóðhátíðarskemmtun félagsins Laugardaginn 21. júní

Í þessu blaði:

<i>Þjóðhátíðarskemmtun FÍL 2003</i>	1
<i>Kvennahlaup</i>	1
<i>Hafsteinn Hansson - annáll frá árinu 1981</i>	2
<i>Molar</i>	2
<i>Krakkakórinn</i>	3
<i>Aðalfundur FÍL</i>	3
<i>Simaskrá FÍL</i>	3
<i>Alþjóðlegt Karaké kvöld</i>	3
<i>Spuni</i>	3
<i>Frá ritstýru</i>	3
<i>Litlu dálkarnir</i>	4
<i>Netfanginn</i>	4

Dagskrá:

9:30 Skráning og upphitun fyrir kvennahlaupið,

10:00 Kvennahlaup í Trim parcour í Walferdange. Brautin er 2,4 km og svo til á jafnsléttu svo nú er bara að fara í hlaupaskóna og koma og vera með. Þetta er í fyrsta skipti sem þetta hlaup er haldið í Luxembourg. Vinsamlegast skráið ykkur á vef félagsins, www.icelux.com eða hringið í Atla í síma 26 480 644 eða Matthildi í síma 787 077-41. Þáttökugjald eru € 10 á mann en frítt fyrir börn upp að 12 ára.

Athugið að staðsetning fyrir neðangreinda skemmtun verður auglýst á næstu dögum.

Sjá nánar greinarstúf neðar á síðunni..

14:00 Svæðið opnar, pylsu- og sælgætissala hefst.

15:30 Leikur fyrir börnin, krakkakórinn syngur nokkur lög og svo verður farið í nokkra leiki með börnunum, kannski taka mamma og pabbi þátt í reiptogi og fleiru.

15:45 Sætabrauðssala Basarsins hefst.

17:00 Lambakjötið grillað og tilbúið, - að sjálfsögðu verður íslenskt lambalæri með kartöflusalati og hrásalati.

18:00 Gítarspil og fjöldasöngur, söngbækur verða á staðnum.

Þá sem geta hjálpað til á skemmtuninni hafi samband við Matthildi í síma 787 077-41. Vantar alltaf fólk.

Stjórnin vonast til að sjá ykkur öll í sólskinsskapi. Munið eftir fánunum.

Staðurinn fyrir þjóðhátíðarskemmtunina

Fyrir í vor var félagið búið að ganga frá afnotum af grassvæðinu á Camping í Godbrange en síðan nýlega vildi svo illa til að aldraður eigandi svæðisins dó og eftirlifendur ákváðu að setja eignirnar á sölu. Tjaldsvæðið, sem rekið er af höllendingum, fór á sölu líka og leigutökum var tafarlaust gert að hætta rekstri. Stjórn FÍL hefur síðan leitað að öðru svæði sem hentar, og miðar vel áfram í þeim efnum en þegar Brúin er prentuð er ekki búið að fastsetja staðsetningu. Lesendum verður tilkynnt staðsetning á næstu dögum með snigla- og tölvupósti. Stjórnin þakkar skilninginn.



Á döfinni:

- Kvennahlaup 21. júní, sjá auglýsingu
- 17. júní skemmtun 21. júní, sjá auglýsingu
- Alþjóðlegt Karaké kvöld, sjá bls. 3



KAUPTHING BANK
Luxembourg

Fyrsta kvennahlaupið í Lúxembúrg verður 21. júní í Trim parcour, Walferdange. Hlaupið hefst kl. 10:00 og þáttökugjald eru € 10,-. Frítt fyrir börn upp að 12 ára. Allir fá bol og medalíu.

Kaupþing Luxembourg er styrktaraðili kvennahlaupsins. Allir geta verið með, ekki bara þeir sem eru í formi.

Skráið ykkur fyrir 17. júní á www.icelux.com eða hringið í Möttu í síma 787 0771 eða Atla í síma 26 480 644.



Annáll frá 1981 eftir Hafstein Hansson

KÆRU BRÆÐUR OG SYSTUR

Árið 1981 er nú liðið og kemur aldrei aftur til baka, eins og segir í sálminum.

Fyrir sum okkar var þetta ár farsælt, en öðrum var það erfitt í skauti, en flestum okkar trúlega nokkuð af hvoru.

Í sinni óhagganlegu staðfestu hélt þó eitt óbreytt þetta árið og var okkur þar með hlíf við stress-vekjandi gleðisveiflum eingingjarns hugafars, og það var k a u p i ð.

Þrátt fyrir það þótt Þorsteini Jónssyni hafi verið gefin haglabýssa árið áður og hann hvattur til frekari afreka í kjara-baráttumálum. Þótt í fljótu bragði verði ekki séð að þessi byssu gjöf hafi í neinu breytt kjörum okkar á árinu, eru þó uppi tvær skoðanir á því máli. Svo mikið er víst, að Gunnar Björgvinsson gerðist óror og sagði starfi sínu lausu í miklu hasti og gerðist málaliði Gadafís í Líbíu. Auðvitað ætlaði Kalli Guðmunds að hætta líka, en sagan hermír að hann hafi stansað í dyrunum og litið um öxl yfir skrifstofuna og mælt: "Mikið anskoti er skrifstofan smart, ég fer e k k i rassgat". Það er algjörlega rangt að einn af verkstæðisformönnum hafi sagt upp í skyndi og ráðið sig til Líbíu er hann frétti af byssunni n e i , en Siggí Hafsteins sagði starfi sínu lausu þegar fyrirtækið hundsáði algjörlega sjálfsagðar og eðli-legar kjarabótakröfur þeirra verkstæðismanna, þeir fóru einfaldlega fram á að fá annað bragð, að fá ananas eða jarðaberjagragð á límið á gulu miðunum sem þeir verða að sleikja og líma á tæki flugvélanna alla daga. Feillinn sem Siggí gerði er hann kom heim til Íslands var að hrópa í augnabliks hrifningu: Ich liebe Ísland, Ich liebe Ísland, Ich liebe , þar sem þýskan er nú ekki þeirra sterkasta hlið þarna hjá Arnarflugi, tóku þeir hann á orðinu og hann hefur að mestu verið í Líbíu síðan. En það hafa fleiri flutst heim á árinu. Dóri Ólafs., Þórður Halldórs. og Palli Andrésar er allir fluttir heim.

Síðan hefur það af þeim fréttst að Dóri mun því miður eiga við heilsuleysi að stríða, en Þórður er öllu brattari, hann kannar nú allar helstu nýngar á innflutningi ónotaðra heimilstækja og skrifar svo jafnharðan allar niðurstöður í blöðin, okkur til fróðleiks og uppbyggingar. Reyndar mun hann hafa fullan hug á að hefja útflutning fólks frá Íslandi, en hann mun ekki hafa haft árangur sem erfiði, því bæði er það að Flugleiðir fækka nú ferðum meir og meir og svo hitt, að flest það fólk sem ekki kann að meta dýrtíð og laga-bönn á öllum sviðum, er búið að forða sér í burt af hólminum nú þegar. Palli Andrésar mun einnig hafa fullan hug á innflutnings-verslun, en það munu aðallega vera lítið notaðar kvikmyndavélar, en á því sviði hefur hann haldgóða reynslu eins og allir vita. Þær sögur hafa gengið hér að bróðir Páll hafi farið í fússi miklu og skellt á eftir sér hurðum eftir að ég hafi ráðist á hann með skömmum og öðrum digurmælum í aðal málgagni Íslendingafélagsins. Þetta er ekki s a t t , því svo mikið sá ég eftir Páli, að ég, eins og þið vitið sjálf, boðaði þjóðarsorg í hundrað daga og hundrað nætur og bannaði allar samkomur og skemmtanahald, J Á , jafnvel fyrsta des. sem um árabíl hefur verið okkar mesti menningarviðburður hér í Luxembourg, já jafnvel þótt ég vissi að vinir okkar Kárius og Baktus væru reiðubúnir til að koma hingað í heimsókn til að hressa upp á samkvæmið. Og það var að minnsta kosti einn sem var ánægður með þá ráðstöfun, það var Jón Már, enda leikur hann nú við hvern sinn fingur.

Fleiri hafa fluttst héðan og því miður er ekki séð fyrir endann á þessu þetta árið, sem nú er hafið. Heyrst hefur að Lollí Kristins sé líka á förum, af því hann sést nú stundum ganga um skælbrosandi og raula stundar hátt fyrir munnri sér:

"HERE I GO AGAIN"

Þetta er nú ekki alveg rétt, en ástæðan mun hinsvegar vera sú að síðan Jonni Einars tók að sér alla hleðslu og afhleðslu í

Austurlöndum nær, er orðið svo lítið að gera hjá lódurum að gleði þeirra brýst út í söng þegar þeir eru loksins settir á skrá. Þetta er nú mjög í tísku að uppgjafa flugmenn skrifi ævisögur sínar og má þar nefna "Á brattann" eftir Kofoed Hansen og "Skrifað í skýin" eftir Jóhannes Snorrason, en báðar þessar bækur fengu góðar viðtökur hjá flugmönnum og fleirum, það mun því vera mörgum gleðiefni að von er á heilum bókaflökki frá Cargolux flugmönnum í Dubai, "Skrifað í sandinn".

Það hefur lengi vafist fyrir fávísu almúgafólki, hvers vegna squashíð er svona vinsælt meðal flugmanna í Dubai, jafnvel eftir löng og erfið flug er áhuginn svo mikill að þeir eru ekki fyrr komnir á hótelið en þeir skifta um fót, fara í fínu hvítu squash fötin sín og bíða svo í ofvæni eftir að komast að til að spila. Eddi Klein var sá sem mestan áhuga hafði, og voru tilþrif hans stórkostleg og vildi hann helst ekki spila við aðra en kapteina. Þar til einn daginn að honum tókst að koma nokkrum vel útlátum höggum á sinn uppáhalds kaptein. Þá mælti Eddi: "Lengra verður ekki náð í þessari íþrótt, og er best að hætta þegar hæst stendur".

Eftir það lagði hann spaðann á hilluna og hefur ekki spilað síðan. Aftur á móti segja frómir menn að Steinar Halldórs sé búin að kaupa þann stærsta spaða sem hann gat fundið og gangi nú um, brosi undurfurðulega og hugsí margt. Ragnar Kvaran eldri og Bjössi Sverris eru sagðir hafa svo mikinn áhuga á squashinu að þeir fást ekki til að taka hvíld í Ameríkufluginu. Kristján Richter og Ingi Kolbeins spiluðu saman fyrir nokkru síðan og mun Kristján hafa unnið, alla vega var hann léttur í spori er hann gekk til hvílu um kvöldið og svo léttstígur var hann er hann fór í flug morguninn eftir, að Ingi vaknaði ekki og hafði hann þó hugsað sér að leggja fyrir Kristján spurnir nokkrar.

Molar

Þann 1. janúar sl. var, samkvæmt Stateg, íbúafjöldi Luxembourgar 448.300. Barneignum hefur fækkað um 2.1% frá árinu áður.

Samkvæmt Hagstofu Íslands voru Íslendingar 288.201 þann 1. desember 2002 sl.

Bandaríkin hafa hert reglur um vegabréf sem verður til þess að þeir sem bera íslenskt vegabréf sem gefið er út fyrir 1. júní 1999, munu þurfa vegabréfsáritun til Bandaríkjanna frá og með haustinu 2003.

Sú breyting var nýlega gerð að útgáfa íslenskra vegabréfa var færð frá Lögreglustöðinni í Reykjavík til Útlendingastofnunarinnar, Skógarhlíð 5, 105 Reykjavík. Opíð er frá kl. 9.00 til 15.30 alla virka daga. Heimasiðan er www.utl.is.

Nú er "Summer in the city" hér í Luxembourg. Víða um borgina verður boðið upp á ýmsa athyglisverða menningarviðburði og uppkomur í allt sumar. Menn ættu endilega að fylgjast með. Þann 12. júlí n.k. verður haldin mikil Teknó tónlistarhátíð í FIL (Foire International a Luxembourg). Uppákomur verða á mörgum sviðum og stendur hátíðin alla nóttina. "Open air cinema" verður á vegum Theatre des Capucins við Place de Theatre öll föstudags og laugardagskvöld, frá 11. júlí til 16. ágúst. Þemað er "In the mood for love" og verða sýndar 12 myndir sem allar fjalla um ástina. Theatre des Capucins stendur einnig fyrir danshátíð dagana 5. – 27. júní nk. Theatre des Capucins, 9, place de Theatre, sími 4796 5555.

Menningarnótt í Reykjavík er í ár þann 16. ágúst. Reykjavíkumaraþon fer einnig fram þann 16. ágúst nk. Gay Pride hátíðin í Reykjavík er haldin dagana 8.-9. ágúst næstkomandi.



Krakkakórinn

Allir krakkar sem vilja syngja á þjóðhátíðarskemmtun Íslendinga félagsins mæti á söngæfingar hjá Bryndísi sunnudaginn 15. júní og fimmtudaginn 19. júní klukkan 17:00. Æfingin verður 30. mín í senn.

Byðjið mömmu eða pabba að hringja í Bryndísi í síma 34 18 82 og skrá ykkur.

Aðalfundur FÍL

Aðalfundur félagsins var haldin á Euro Hotel í Gonderange 24. apríl síðastliðin. Mæting var dræm og ekki hægt að kenna vondu veðri um í ár einsog í fyrra.

Kosin var ný stjórn og hana mynda: Matthildur Kristjánsdóttir formaður, Kolla Eir Óskarsdóttir ritari, Elin Egilson gjaldkeri, Atli Guðmundsson meðstjórnandi, Móa Sigurðardóttir meðstjórnandi, Jóhann Örn Arnarson varamaður og Steinar Guðmundsson varagjaldkeri.

Símaskrá FÍL

Félagið er nú að leggja síðustu hönd á símaskrána. Reyna á að prenta hana fyrir haustið. Allir þeir sem eru að fara að flytja, eru nýbúinir að flytja vinsamlegast sendið okkur línu fyrir 15. júlí svo við getum lagfært áður en símaskráin fer í prentun. Einnig ef þið vitið um nýtt fólk í Lúxembúrg látið okkur vita.

Stjórnin

Alþjóðlegt karaoké kvöld

Útlendinganefnd Junglinster (Commission Consultative pour Résidents Etrangers) stendur fyrir alþjóðlegu Karaoké kvöldi þann 27. september, kl. 20:30 í gamla skólanum í Junglinster.

Solla

Spuni

Leikklúbburinn Spuni vill þakka sérstaklega öllum þeim sem keyptu styrktarlínu í leikskránni. Innkoman af þeim rann beint til leigu á hljóðkerfi, og vonum að betur takist til að ári. Einnig þakkir til allra þeirra sem tóku þátt í og hjálpuðu til við sýninguna á einn eða annan hátt.

Stjórn Spuna

Frá ritstýru

Þetta er síðasta bréf fyrir sumarfrí. Útgáfudagar næstu blaða: 15. september, 13. október, 10. nóvember, 1. desember, 12. janúar, 1. mars og 29. mars.

Ritstýra leitar að áhugasömum sem geta aðstoðað við gerð fréttabréfsins, sendið póst á

formadur@icelux.com.

Einnig eru þeir sem senda efni til blaðsins beðnir að senda efnið á tölvutæku sniði minnst viku fyrir tilgreindan útgáfudag.

Ritstýra vill einnig benda á t v i n n u r e k e n d u m á

möguleikann á að setja auglýsingar í blaðið sem er nýbreytni. Hafið samband sem fyrst.

Þakkir fá allir sem hafa sent inn efni og aðstoðað við undirbúning blaðsins, án þessarar hjálpar væri blaðið ekki til.

Næsta Survivorþáttaröðin

6 giftir karlmenn verða skildir eftir á eyðieyju. Þeir taka með sér einn bíl og fjögur börn hver í sex vikur.

Hvert barn æfir tvær íþróttagreinar og lærir annaðhvort á hljóðfæri eða ballet.

Á eyjunni eru engir skyndi-bitastaðir.

Hver maður þarf að annast um börnin sín fjögur, halda sínu húsi á eyjunni hreinu, fara yfir alla heimavinnu, elda, þvo þvott o.s.frv.

Mennirnir hafa bara aðgang að sjónvarpi þegar börnin eru sofnuð og þegar þeir eru búinir með verkefni dagsins. Þar að auki bara eitt sjónvarpstæki á eyjunni og engin fjarstýring.

Mennirnir verða einnig að raka á sér fótleggina, farða sig sjálfir daglega á meðan þeir keyra í skólann og smyrja fjögur nesti.

Þeir keppa líka sín á milli, einu sinni í viku verða þeir að mæta á foreldrafund, þrifa eftir veikt barn kl. þrjú um nótt, búa til indjónakofa úr sex tannstönglum, mexíkanskri pönnuköku og tússpenna og fá fjögurra ára gamalt barn til að borða skál af grænum baunum.

Börnin reka þá burt af eyjunni, eftir því hvernig þeir standa sig í stykkinu.

Síðasti maðurinn sem eftir stendur vinnur aðeins ef hann hefur nægilega orku til að sofa hjá spúsu sinni þegar hún kallar á hann.

Ef síðasti maðurinn sem eftir stendur vinnur að lokum, þá öðlast hann sjálfkrafa keppnisrétt til næstu 18-25 ára og rétt til að bera titilinn "Mamma".



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
179 rue Cents
L-1319 LUXEMBOURG

Umsjón fréttablaðs:
Matthildur Kristjánsdóttir
matthildur@reynisson.com
Sími +352 787 077-41
Fax +352 787 077-31

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjaldddagi félagsgjalda er 1. apríl.

BRÚIN

www.icelux.com

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2003-2004

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 0771, 021 142 060, formadur@icelux.com
Kolbrún Eir Óskarsdóttir, ritari, 2636 1204, 021 769 550, ritari@icelux.com
Elín Egilson, gjaldkeri, 2636 0911, gjaldkeri@icelux.com
Atli Guðmundsson, meðstjórnandi, 26 480 644, 021 630 692
Móa Sigurðardóttir, meðstjórnandi, 021 218 546
Jóhann Örn Arnarson, varamaður, 341 882, 021 266 747

Stjórn Kirkjunefndar 2003-2004

Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545
María Huesmann, 358 556
Sólveig Loftsson, 789 341
Agnar Sigurvinnsson, 435 183
Sigurður Kristinsson, 787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður, 787 077-1, matthildur@reynisson.com
Bryndís Kristjánsdóttir, ritari, 341 882, arnarsjo@pt.lu
Katrín Ásgrímsdóttir, gjaldkeri, 2678 0257, ekrkaja@pt.lu

Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Hrefna Einarsdóttir, formaður, 355 443
Bergdís Kristinsdóttir, gjaldkeri

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Rakel Steinvör Hallgrímsdóttir, kennari, 2674 7298, rakelh@binet.is

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón.

Eindagi félagsgjalda var 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGLL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.



NETFANGINN BENDIR Á:

Ög nú er FÍL komið með heimasíðu eftir langa bið. Netfanganum skilst að stjórnin ætli að setja allt milli himins og jarðar á síðuna og tæknina skal ekki vanta. Skoðið www.icelux.com en hún er enn á byrjunarstigi, þarna verður líka Brúin segja þau og síðustu fréttir af landanum. Gasalega spennandi myndi Gassi gasalegi segja en hann stólar á tæknina eins og Netfanginn. Það væri döldið flott að hafa símaskrána á síðunni, með allskyns uppflettinguleikum. Segi fleiri gagnlegar fréttir í næsta blaði. Njótið lífsins og sumarblíðunar.

Rúnar Russel
Þóra Karlsdóttir
43a, rue Andethana
L-6970 Oberanven
Gsm: 021 501 117
netfang:
runar_russel@hotmail.com
thora_karls@hotmail.com

Þorgeir Örlygsson
Íðunn Reykdal
2, rue des Bleuets
L-1242 Weimershof
Sími: 26 430 049
netfang:
thorgeir.orylgsson@eftacourt.lu

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Smíður:

Ég gett bætt verkefnum við mig fyrir þetta sumar.
Elisson Trocken und Innenausbau, Sæmundur Elisson húsa-smíður Falkstr.116, D-60487 Frankfurt am Main, Tel:0049-171-2078722, Tel 00352-021472804.

Íbúð til leigu:

Vantar einhvern íbúð í sumar í Reykjavík?
Eina helgi eða lengri tíma?
Góð 2ja herbergja íbúð miðsvæðis í Reykjavík (Tunguseli) er laus frá miðjum Maí til lok Agúst. Þetta er vel útbúið og snyrtilegt heimili. Áhugasamir hafi samband við Elisabetu Finnbogadóttir í síma 26 747 440 eða 021 266 578. Eða beint við eigandann Ingibjörgu Finnbogadótti í síma 00 354 820 7413 eða 00 354 517 1305.

Ný verslun:

Opnuð hefur verið ný verslun með danskar merkjavörur, m.a. Holmegaard, Royal Copen-

hagen, Georg Jensen, Stelton, Rosendahl, Tommy Larsen, Menu og Eva Solo.

Einnig eru þau með mikið af dönskum og sænskum bókum svo og tímaritum. Blóm og blómapottar í miklu úrvali, tilvalin smágjöf.

Dania Presents s. á r.l.

3, rue Astrid
L-1143 Luxembourg
sími 2625 9486
fax: 2625 9487
e-mail: info@danialu
www.dania.lu

Opið: mán. 12-18, þri.- fös. 10-18, lau. 10-16.

Íbúð til leigu:

Til skammtímaleigu glæsileg 60 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í blokk í nýja miðbænum í Reykjavík. Húsgögn, tæki, og rúmföt í íbúð. Í göngufjarlægð frá Krínglunni og helstu strætisvagna leiðum. Verð kr. 30.000,- á viku eða samkomulag eftir lengd leigutíma. Upplýsingar í síma 567 1075, 698 9107, 868 5665 eða hafsteinn@mbv.is.

Til sölu

Samanbrotið rúm 80 x 190 cm með góðri dýnu er til sölu. Tilvalið fyrir krakka gesta-

ganginn, svo er hægt að brjóta það saman og rúlla því í geymsluna. Kostar € 100,-. Áhugasamir hafi samband við Írisi í síma 780 510

Símaskrá

Breytingar:

Herdís Þórisdóttir
netfang: disa@email.lu
Arnar Bjarnarson
Guðrún Eiríksdóttir
netfang: addib@pt.lu

Georg Þorkelsson
Elisabet Íðunn Einarsdóttir
netfang: lisukot@hotmail.com

Nýir meðlimir:

Finnur Dór Þórðarson
2, rue Heffingen
L-6170 Godbrange
Sími: 26 780 796
netfang: finnurdor@hotmail.com

Rögvaldur H. Jónsson
Mar Martines
Auf Rubersberg 13
D-54441 Wellen
Sími: +49 6584 992099
Fax: +49 6584 992098
Gsm R: 021 221 829
Gsm M: 021 221 629
Netfang:
R: valdi61@hotmail.com
M: mar120@hotmail.com